

Nr. 20-028 S 021 Jóhanna Gísladóttir GK 557***Skipverji slasast við vindur***

Skipaskr.nr. 1076
Útgerð: Vísir hf.
Smíðaður: Akranesi, 1969, stál
Stærð: 480,6 brl. 704,4 bt.
Mesta lengd: 56,76 m Skráð lengd: 52,9 m
Breidd: 8,0 m Dýpt: 6,2 m
Vél: Wichmann 750 kW, 1985.
Fjöldi skipverja: 15



Jóhanna Gísladóttir ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. desember 2019 var Jóhanna Gísladóttir GK 557 á línuveiðum á SA miðum. Veður: SA 13–14 m/s.

Skipverji var að greiða úr flækju á línunni, sem hafði dregist inn á spilið, þegar hann klemmdi fingur milli línu og spils.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði missti framan af fingrinum;
- að ekki náðist í slasaða við rannsókn málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.